

Fundur í Húsnefnd Brúnar 2.10.2024 kl. 18

Fyrsti fundur kjörtímabils

Mættir nefndarmenn eru Friðrik Aspelund, Pétur Davíðsson og Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttir. Auk þeirra sátu fundinn Haraldur Sigurðsson, húsvörður og Flemming Jessen formaður félags eldri borgara í Borgarfirði.

Pétur setti fundinn

Pétur las fundargerð síðasta fundar sem haldinn var 18.9.2020.

Dagskrá fundar:

- 1) Kjósa formann og ritara
- 2) Erindi frá Flemming Jessen um starf eldri borgara og viðhald félagsheimilisins
- 3) Ósk frá Fanney Einarsdóttur um að það verði sótt um vottun á eldhúsi
- 4) Húsvörður geri grein fyrir starfsemi húsins og viðhaldsþörf

Fundargerð

- 1) Friðrik var kosinn formaður og Sigurbjörg var kosinn ritari.
- 2) Flemming fór yfir starf eldri borgara, fundir eldri borgara eru í Brún á mánudögum og miðvikudögum milli kl. 13-17. Flemming hefur óskað eftir því við sveitarfélagið að það verði sett upp handriði upp í efri salinn, málað og sett upp ný gluggatjöld. Eldri borgarar bjóða fram vinnu sína við að mála. Sigurbjörg benti á að einnig væri þörf á að skipta út loftljósum í efri salnum.
- 3) Erindi liggur fyrir frá Fanney Einarsdóttur um að sótt verði um vottun á eldhúsinu. Friðriki er falið að óska eftir því við heilbrigðiseftirlitið að taka út eldhúsið og fá það vottað.
- 4) Haraldur gerði grein fyrir útleigu hússins. Mesta þörf er á að gera upp salernin og gera þau aðgengileg fyrir alla og yfirfara rafmagnslagnir, ljósbúnað o.fl. Þarf að pússa parket og setja parket á pallinn. Það er búið að gera tillögu að hönnun salerna. Formanni falið að taka stöðuna á þeim málum. Í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins var áætlað kr. 1.700.000 til viðhalds 2024. 27 leigur x 160.000,- er sett á húsið á hverju ári.
Fundu slitið: kl. 19:50

Stefnt er á að funda fljótlega aftur.